



## Fundur í sveitarstjórn

**65. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 8. júní 2017 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Reynir Atli Jónsson oddviti, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti gerði tillögu um að nýjum lið yrði bætt við dagskrána, Skipulag og framkvæmd grenjaveiða, sem lið 8 og aðrir liðir færðust aftur sem þessari viðbót næmi. Samþykkt samhljóða.

### Dagskrá

1. Fundargerð 850. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. maí 2017.
2. Fundargerð 3. fundar velferðarnefndar, 6. júní 2017.
3. Aukaársfundur Stapa lífeyrissjóðs 22. júní nk. vegna samþykktabreytinga.
4. Leyfi til landtöku skemmtiferðaskipa utan hafnarsvæða.
5. Flugvallarstarfsmaður.
6. Viðauki I við fjárhagsáætlun.
7. Tillaga um aðgerðir á Bakkafirði og samtal sveitarstjórnar við fulltrúa Toppfisks ehf.
8. Skipulag og framkvæmd grenjavinnslu.
9. Skýrsla starfandi sveitarstjóra.
10. Trúnaðarfundur.



## Fundargerð

### 1. Fundargerð 850. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 19. maí 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 2. Fundargerð velferðarnefndar dags. 6. júní

Fundargerðin lögð fram.

*Liður 1, erindi UMFL vegna samstarfs og mótunnar lýðheilsustefnu sveitarfélagsins.*

Þorsteinn Ægir lýsti sig vanhæfan vegna máls. Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Reynir Atli Jónsson.

**Samþykkt um bókun:** Samþykkt að haldið verði áfram með mótun lýðheilsustefnu fyrir sveitarfélagið og að unnið verði í samvinnu við Ungmennafélag Langnesinga og önnur félög um að koma að mótun lýðheilsustefnu fyrir sveitarfélagið. Einnig að þetta mál verði kynnt fyrir sveitarstjórn Svalbarðshrepps.

Samþykkt samhljóða.

*Liður 2.1. í fundargerð*

Björn Guðmundur Björnsson lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn leggur til að aðgengi fatlaðra að eignum Langanesbyggðar verði lagaðar fyrir árslok 2018.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

*Liður 2.3. í fundargerð*

Björn Guðmundur Björnsson lagði fram svohljóðandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkir að fundin verði leið og hannað verði aðgangskerfi að íþrótt- og tækjasal íþróttahússins. Einnig verði gerð tilraun með því að stækka tækjasalinn í sumar sem nemur matsalnum.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Aukaársfundur Stapa lífeyrissjóðs 22. júní nk.

Erindið lagt fram.

### 4. Leyfi til landtöku skemmtiferðaskipa utan hafnarsvæða

Borist hefur beiðni til sveitarfélagsins frá skipamiðlunarfyrtækinu Gáru í Reykjavík, um leyfi til lendingar skemmtiferðaskips við Skoruvík og að setja um 85 farþega í land þar. Sveitarfélagið hefur ekki heimild til innheimtu hafnargjalda þar sem þarna er hvorki



höfn né nein þjónusta veitt og hefur sem slíkt ekkert um þetta að segja. Landið er í eigu ríkisins, en sveitarfélagið hefur samning við ríkið um rétt til nýtingar auðlinda jarðarinnar.

**Samþykkt um bókun:** Þar sem lendingum skemmtiferðaskipa utan hafnarsvæða fer fjölgandi vill sveitarstjórn hvetja alþingi, ráðherra eða hlutaðeigandi stofnanir að setja skýrari reglur um slíkar lendingar. Talsverð óvissa er um réttarstöðu sveitarfélags og landeigenda um stjórnun lendinga af þessu tagi og ná hafnalög t.d. ekki um þær. Óvissa skapast því um ábyrgð og rétt til takmörkunar umferðar um viðkvæm svæði, svo sem varplönd, nytjastofna o.fl. Reglur sem settar verða þurfa því m.a. að taka mið af vernd landsins, náttúrgæðum, rétti og friðhelgi landeigenda, friðun varpstaða, öryggi, ásamt rétti ferðamanna um ferðir á opnum svæðum.

Til máls tóku Jónas Egilsson, Björn Guðmundur Björnson, Reynir Atli Jónsson.

Samþykkt samhljóða.

## 5. Flugvallarstarfsmannamál

Þar sem starfsmaður ISAVIA og sveitarfélagsins við flugvöllinn á Þórshöfn sagði upp í störfum vor, var staðan auglýst.

**Bókun um samþykkt:** Sveitarstjórn samþykkir að senda innkomna umsókn til ISAVIA til meðferðar. Enn fremur er samþykkt að auglýsa eftir afleysingarstarfsmanni.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Siggeir Stefánsson, Jónas Egilsson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Samþykk samhljóða.

## 6. Viðauki I við fjárhagsáætlun 2017

Viðauki I við fjárhagsáætlun fyrir árið 2017, í samræmi við ákvörðun í 5. tölulið síðasta fundar sveitarstjórnar.

Breytingar á fjárfestingu: Kaupa skal eftirlitsmyndavélar fyrir hafnirnar á Þórshöfn og Bakkafirði. Áætlaður kostnaður 1,7 m.kr.

Kaupa skal löndunarkrana fyrir höfnina á Þórshöfn og flytja eldri krana til Bakkafjarðar. Áætlaður kostnaður 7,5 m.kr.

Samtals viðbótarfjárfesting 9,2 m.kr.

Fjármagnað með handbæru fé. Handbært fé í árslok mun lækka um 9,2 m.kr. og verða 88,2 m.kr.

Breytingar á tekjuliðum: Engar.

Breytingar á gjöldum: Engar.

Rekstrarniðurstaða: Mun ekki breytast.

Til máls tóku: Jónas Egilsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.



## 7. Tillaga um aðgerðir á Bakkafirði

Lögð var fram tillaga til sveitarstjórnar, dags. 2. júní 2017, ásamt greinargerð með tillögu um aðgerðir vegna atvinnuástandsins á Bakkafirði.

Til máls tók: Reynir Atli Jónsson og las upp svohljóðandi bókun:

**Samþykkt um bókun:** Sveitarstjórn samþykkir að hefja skoðun á atvinnuástandinu á Bakkafirði og að hún feli í sér samráð við íbúa, greiningu á stöðum, horfum og möguleikum á atvinnuuppbyggingu svæðisins til skemmri og lengri tíma.

Í fyrsta áfanga verði haft samráð við íbúa og atvinnurekendur á svæðinu þar sem kynnt verða drög að verkáætlun ásamt frumgreiningu á ástandinu og þörfum. Í framhaldinu verði mótaðar hugmyndir um lausnir og aðgerðir í byggðalaginu. Einnig að leitað verði til hlutaðeigandi stofnana ríkis og sveitarfélaga.

Gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á næsta fundi sveitarstjórnar vegna kostnaðar við verkefnið í sumar og haust. Áætlaður kostnaður vegna þessarar vinnu sérfræðings og nefndar er um 1,2 m.kr.

Enn fremur að skipaður verði vinnuhópur sveitarstjórnarmanna, heimamanna og annarra hlutaðeigandi, sveitarstjórn, íbúum og öðrum til ráðgjafar við þessa vinnu.

Samþykkt að framboðin þrjú í sveitarstjórn tilnefndu hvert sinn einstakling í vinnuhópinn, 2-3 einstaklingar kæmu frá heimamönnum á Bakkafirði auk starfsmanns frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga eða Byggðastofnun. Oddvita falið að boða til fyrsta fundar.

Til máls tóku: Jónas Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Björn Guðmundur Björnsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Siggeir Stefánsson, Hulda Kristín Baldursdóttir.

Siggeir bað um fundarhlé kl. 17:55. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:05.

Bókunin samþykkt samhljóða.

## 8. Skipulag og framkvæmd grenjavinnslu

Til máls tók Hulda Kristín Baldursdóttir og lagði fram svohljóðandi bókun:

**Tillaga að bókun:** Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að efna til fundar með samningsbundnum grenjaleitarmönnum sveitarfélagsins í byrjun næstu viku.

Tilgangur fundarins verður að fara yfir gildandi reglur og samþykktir sveitarfélagsins um framkvæmd grenjavinnslu. Einnig verði ákvæði um greiðslur til grenjaleitarmanna samræmdar og tryggt að þær séu innan heimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Settar verði reglur um greiðslur fyrir leit sem taki mið af stærð svæðis, fjarlægðar og fjölda grenja. Við útreikninga á leitargreiðslum verði einnig tekið tillit til þeirra svæða þar sem eftir er að hnitsetja grenin.



Einnig er samþykkt að fela sveitarstjóra að tryggja það ekki verði greidd út gjöld vegna grenjaleitar nema að því tilskyldu að staðsetningarhnitum sé skilað inn samhliða á þar til gerðum eyðublaði.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Siggeir Stefánsson.

Samþykkt samhljóða.

## 9. Skýrsla starfandi sveitarstjóra

Ráðist hefur verið í endurnýjun húsgagna á skrifstofu sveitarfélagsins. Þetta er aðallega gert til að bæta vinnuástöðu starfsfólks, en einnig til að gera skrifstofurýmið aðgengilegra og vistlegra. Kostnaður vegna þessara framkvæmda er vel fyrir innan þær áætlaðar 2 m.kr. sem til verksins voru samþykktar á fjárhagsáætlun fyrir árið.

Starfsmaður var ráðinn í sumar til starfa á skrifstofunni. Hans aðalverkefni eru að skrásetja og færa í rafrænt form alla samninga sem sveitarfélagið hefur gert og eru í gildi. Einnig á að skrásetja alla lóðasamninga og færa kort í rafrænt form eftir því sem hægt er. Loks á að uppfæra skráningu inn- og útsendra bréfa. Þessi vinna er liður í að gera gögn sveitarfélagsins aðgengilegri, auk þess sem betri mynd fæst á skuldbindingar þess.

Þann 30. maí sl. kom stjórn og starfslið Lánasjóðs sveitarfélaga í stutta heimsókn í Langanesbyggð. Þeim var sýndur Grunnskólinn á Þórshöfn, Íþróttamiðstöðin Verið og Leikskólinn. Einnig fóru þau í skoðunarferð um Bakkafjörð.

Oddviti og skrifstofustjóri sátu upplýsingarfund með fulltrúum forsætisráðuneytisins og öðrum sveitarfélögum í Þingeyjarsýslu á Húsavík 1. júní sl. Fundurinn var haldinn til að kynna stöðu vinnu vegna skráningar og afmarkana þjóðlendna.

Haldinn var aukafundur í sveitarstjórn þriðjudaginn 6. júní sl. með fulltrúum UFML þar sem farið var yfir tillögur og óskir félagsins um mótun æskulýðs- og lýðheilsustefnu og samstarf við sveitarfélagið.

Veraldarvinir koma væntanlega í heimsókn í sumar. Alls er gert ráð fyrir þremur hópum í sumar og kemur sá fyrsti í byrjun júlí nk. og lýkur heimsóknum þeirra um miðjan ágúst. Helsta verkefni þeirra verður að fara um fjörur sveitarfélagsins og taka saman plast o.fl. sem rekið hefur á land.

Vinnuskóli Langanesbyggðar hefur hafið störf og hafa þeir sjö unglingar sem sóttu um starf verðið ráðnir til starfa. Auk þess hafa fjórir starfsmenn verið ráðnir til starfa hjá áhaldahúsi sveitarfélagsins.

Undirbúningur er hafinn að málningar- og viðhaldsvinnu grunnskólans á Þórshöfn. Lokið verður við að mála húsnæði Grunnskólans á Bakkafirði, lokið við málingavinnu og viðgerðir á Þórsveri. Þá verður húsið þar sem skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett málað að utan eins og áður hefur verið ákveðið. Langanesbyggð á um þriðjungshlut í húsinu.



Uppfærsla á Navision bókhaldkerfinu og fræðsla fyrir starfsmenn. Bókhaldskerfið var uppfært um síðustu helgi og starfsfólk skrifstofu er að læra á nýtt kerfi. Hið nýja kerfi er talsvert breytt frá því fyrra og því mun nokkur tími fara í aðlögun, en uppfærslan á að skila betra og aðgengilegra umhverfi.

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson, Jónas Egilsson, Reynir Atli Jónsson.

## **10. Trúnaðarfundur**

Fundi lokað og trúnaðarfundur settur.

Fundagerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl.18:27